

Borgarholtsskóli
LEI503
Haustönn 2011

Kennari
Guðlaug María Bjarnadóttir

Markmið

Að nemendur þjálfist frekar í persónusköpun og samleik. Að nemendur þjálfist í leikritalestri og uppbygginlegri gagnrýni. Að nemendur kynnist klassískum leikbókmenntum. Að nemendur kynnist leikhúshefðum víðsvegar að. Að efla með nemendum sjálfstæð vinnubrögð og menningarläsi.

Kennsluáætlun

Aðferðarfræði leikhússins könnuð áfram
Nýklassísk leikritun íslensk og erlend skoðuð
Vettvangsferðir í leikhús – eða leiklistartengdar stofnanir
Hver nemandi skrifi eitt eintal og flytji í tíma á önninni
Hver nemandi lesi eitt leikrit að eigin vali og haldi ítarlegan fyrirlestur um verkið
Útvarpsleikrit
Leikhúsferðir – eins margar og við verður komið

Í áfanganum verður m.a. lögð áhersla á áframhaldandi þjálfun í vinnu leikarans og skerpt á sjálfstæðum vinnubrögðum nemanda, sem og samstarfshæfni.

Áætlunin getur tekið breytingum eftir aðstæðum og tækifærum. Athugið að ef raunmæting nemenda fer niður fyrir 87% missir hann próftökurétt.

Verkefnaskil:

Hver nemandi skrifi eitt eintal og flytji í tíma á önninni.
Hver nemandi lesi eitt leikrit að eigin vali og haldi ítarlegan fyrirlestur um verkið.
Nemendur skila skriflegum skýrslum varðandi vettvangs- og leikhúsferðir.
Nemendur undirbúi óvænt atriði til prófs
Að nemendur taki þátt í leikinni senu
Enginn bókakostnaður er í áfanganum en nemendur skulu gera ráð fyrir greiðslu á leikhúsmiðum (kringum 7.000 kr.)
Leikhúsferðir – skyldumæting

Námsmat:

Símat byggt á mætingu, virkni og þátttöku í tímum – 30%

Verkefnaskil – 20%

Lokapróf með prófdómara – 50%

Með von um góða samvinnu 😊

Guðlaug María Bjarnadóttir og Guðný María Jónsdóttir